

A frog he went a-courting

A frog he went a-courting, he did ride
With a pistol and a sword hung by his side.

He rode up to little Mousie's door
He off his horse and he boarded the floor.

He took Miss Mousie upon his knee,
Saying: Miss Mouse will you marry me?

O kind sir, I can't say that,
You have to ask my uncle rat.

Uncle rat went galloping to town,
To buy his niece a wedding-gown.

Where will the wedding supper be?
Away down yonder in the hollow bush tree.

The first come in was the bumble-bee
With his fiddle on his knee.

The next come in was an old fat goose,
He began to fiddle and she got loose.

The next come in was a little flea,
To dance a jig with the bumble-bee.

The next come in was the old tom cat,
He says: I'll put a stop to that.

The goose she then flew up on the wall,
And old tom cat put a stop to it all.

Gentleman Frog swam over the lake,
And he got swallowed by a big black snake.

That is the end of one two three,
The frog, the mouse and the bumble-bee.

Old-English Nursery Song

Sumartónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Ólöf Sigursveinsdóttir
selló
Agnieszka Bryndal
píanó/semball
Nora Kornblueh
selló

Þriðjudaginn 18. júlí 2000 kl. 20:30

Ólöf Sigursveinsdóttir hóf sellónám sex ára að aldri og lauk áttunda stigi frá Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar. Meðal kennara hennar voru Nora Kornblueh, Gunnar Kvaran (Tónlistarskólinn í Reykjavík) og Bryndís Halla Gylfadóttir.

Ólöf stundaði nám við Tónlistarháskólann í Stuttgart og útskrifaðist þaðan með hæstu einkunn í febrúar síðastliðnum undir leiðsögn prófessors Hans Häublein. Jafnframt sellónáminu hefur hún numið kórstjórn og starfaði sem kórstjóri um skeið. Ólöf býr nú í Stuttgart, leggur stund á kammermúsik og er einn stofnenda acArta píanó-tríósins.

Agnieszka Bryndal er fædd í Thorn í Póllandi og hóf barnung að læra á píanó. Síðar lauk hún framhaldsnámi frá Tónlistarháskólanum í Krakau þar sem aðalkennarar hennar voru Janina Baster og Marek Koziak. Arið 1996 flutti hún til Þýskalands og stundaði píanónám við Tónlistarháskólann í Stuttgart. Kennari hennar þar var Konrad Richter. Síðustu ár hefur hún starfað sem undirleikari í Þýskalandi og komið fram á fjölda tónleika víða í Evrópu

Nora Sue Kornblueh er fædd í New York ríki í Bandaríkjunum þar sem hún hóf sellónám hjá James Doty. Hún lauk B.A. prófi í sellóleik undir handleiðslu George Neikrug við Boston háskóla árið 1974. Nora hefur búið á Íslandi síðan 1980 og hefur starfað hér sem sellóleikari og tónlistarkennari.

Efnisskrá

Johann Sebastian Bach 1685 - 1750	Sólósvíta nr. 1 í G - dúr
Paul Hindemith 1895 - 1963	„A frog he went a-courting“ Tilbrigði við enskar barnavísur (1941)
Antonio Vivaldi 1678 - 1741	Sónata nr. 9 í g - moll Preludio - Largo Allemanda - Andante Sarabanda - Largo Gigue - Allegro
Robert Schumann 1810 - 1856	Fantasiestücke op. 73 Zart und mit Ausdruck Lebhaft leicht Rasch und mit Feuer